

66

3. apríl

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá frakkneska konsúlnum hér í bænum, um að forstöðukonu franska spítalans við Lindargötu verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað með frönskum botnvörpum.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
2. að hundinum sé haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis, í 35 daga og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum konsúl hefir verið tilkynt leyfi þetta héðan.

67

7. apríl

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um flutning þingstaðar.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dagsettu 25. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Stafholtstungnahreppi veitir stjórnarráðið hérmeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sé fluttur frá Hjarðarholti að Hamraendum, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghalda.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

68

10. apríl

Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum prestsins að Kálfatjörn.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, og ósk hlutaðeiganda, hefir stjórnarráðið fallist á, að presturinn að Kálfatjörn, síra Árni Þorsteinsson, frá fardögum 1911 að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Presturinn verður í fyrsta launaflokki (1700 kr.).

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

69

12. apríl

Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu**um skifting Neshrepps innan Ennis í tvö sveitarfélög.**

Með bréfi yðar, herra sýslumaður, dags. 16. febr. þ. á., hefir stjórnarráðinu borist erindi frá hreppsnefndinni í Neshreppi innan Ennis, um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfélög, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.